

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2009/137/EB

2011/EES/55/07

frá 10. nóvember 2009

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB um mælitæki með hliðsjón af nýtingu mestu leyfðu skekkna að því er varðar viðaukana MI-001 til MI-005 fyrir sérstök tæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

ætlaðs notkunarviðs. Reynslan hefur þó sýnt að til þess að tryggja að mælitæki nýti sér ekki mestu leyfðu skekkju eða hygli kerfisbundið tilteknum aðila í viðskiptunum er nauðsynlegt að krefjast varnar gegn óhóflega einhliða skekkjum innan ætlaðs notkunarviðs þessara mælitækja.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB frá 31. mars 2004 um mælitæki (¹), einkum 2. mgr. 16. gr.,

- 5) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu (²) eru aðildarríkin hvött til að taka saman og birta, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2004/22/EB eru samræmdar kröfur að því er varðar að setja á markað og/eða að taka í notkun mælitæki með mælihlutverk sem skilgreind eru í viðaukum MI-001 til MI-010 fyrir sérstök tæki. Mælitæki skulu uppfylla grunnkröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka og í viðeigandi viðauka fyrir sérstök tæki.

- 6) Því ber að breyta tilskipun 2004/22/EB til samræmis við það.

- 2) Í viðaukunum fyrir sérstök tæki í tilskipun 2004/22/EB eru kröfur sem eru aðlagðar að mismunandi gerðum mælitækja. Í þessum kröfum eru sértæk ákvæði um leyfilegar skekkjur til að tryggja nákvæmni og hæfni mælitækjanna og til að ábyrgjast að mæliskekkja við málnotkunarskilyrði og þegar engin truflun er til staðar sé ekki meiri en mesta leyfða skekkja (MPE).

- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um mælitæki sem komið var á fót skv. 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2004/22/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukunum MI-001 til MI-005 fyrir sérstök tæki við tilskipun 2004/22/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. desember 2010. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

- 3) Þar sem nýjar forskriftir hafa verið þróaðar, að því er varðar gasmæla og búnað til að umreikna rúmmál, gætu kröfurnar í lið 2.1 í viðauka MI-002, sem eru mjög sértækar, hamlað tækniframförum og nýsköpun og hindrað frjálssa dreifingu gasmæla. Því er rétt að nýjar, almennari nothæfiskröfur komi í þeirra stað.

- 4) Í lið 7.3 í I. viðauka við tilskipun 2004/22/EB er mælt fyrir um almenna vörn, að því er varðar mælitæki sem mæla veitubjónustu, gegn óhóflega einhliða skekkjum utan

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 294, 11.11.2009, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 43, 28.7.2011, bls. 4.

(¹) Stjtið. ESB L 135, 30.4.2004, bls. 1.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júní 2011.

(²) Stjtið. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Günter VERHEUGEN

varaforseti

VIÐAUKI

Tilskipun 2004/22/EB er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður 6a bætist við í þættinum „Mesta leyfða skekkja“ í sérstökum kröfum í viðauka MI-001:
„6a. Mælirinn skal ekki nýta mestu leyfðu skekkjur eða hygla tilteknum aðila kerfisbundið.“
 2. Viðauka MI-002 er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað málsgreinarinnar undir töflunni í lið 2.1 í I. hluta komi eftirfarandi:
„Gasmælirinn skal ekki nýta mestu leyfðu skekkjur eða hygla tilteknum aðila kerfisbundið.“
 - b) Eftirfarandi málsgrein bætist aftan við athugasemdina í 8. lið í II. hluta:
„Búnaður til að umreikna rúmmál skal ekki nýta mestu leyfðu skekkjur eða hygla tilteknum aðila kerfisbundið.“
 3. Eftirfarandi málsgrein bætist við 3. lið í sérstökum kröfum í viðauka MI-003:
„Mælirinn skal ekki nýta mestu leyfðu skekkjur eða hygla tilteknum aðila kerfisbundið.“
 4. Eftirfarandi málsgrein bætist við 3. lið í sérstökum kröfum í viðauka MI-004:
„Fullbúinn varmaorkumælir skal ekki nýta mestu leyfðu skekkjur eða hygla tilteknum aðila kerfisbundið.“
 5. Eftirfarandi liður 2.8 bætist við 2. lið í sérstökum kröfum í viðauka MI-005:
„2.8. Mælikerfið skal ekki nýta mestu leyfðu skekkjur eða hygla tilteknum aðila kerfisbundið.“
-